



Árspaning Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra Haldið 26. mars 2026 á Teams

Þinggerð

Þingsetning

Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður stjórnar SSNE, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna fyrir hönd stjórnar. Þá óskaði formaður eftir heimild þingsins til að taka það upp, til hægðarauka fyrir þingritara. Engar athugasemdir voru gerðar við þá tilhögun. Þá tilnefndi formaður Eyrúnu Ingibjörgu Sigbórsdóttur, sveitarstjóra Dalvíkurbyggðar sem þingforseta og Díönu Jóhannsdóttur og Elvu Gunnlaugsdóttur, verkefnastjóra SSNE sem þingritara.

Tillagan er borin upp og samþykkt samhljóða, og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Þingforseti kallar eftir athugasemdum um boðun þingsins.
Engar athugasemdir voru og þingið því lýst löglegt.

Þingforseti kynnir tillögu um eftirfarandi kjörnefnd þingsins:

Arnar Þór Stefánsson, Fjallabyggð – formaður
Sunna Hlín Jóhannesdóttir, Akureyrarbær
Aldey Unnar Traustadóttir, Norðurþing

Ekki koma fram aðrar tillögur og er hún því borin upp og samþykkt samhljóða.

Þingforseti kynnir tillögu um eftirfarandi fjárhags- og stjórnsýslunefnd:

Finnur Yngvi Kristinsson, Eyjafjarðarsveit
Halla Björk Reynisdóttir, Akureyrarbær
Soffía Gíslason, Norðurþing
Gerður Sigtryggsdóttir, Þingeyjarsveit
Axel Grettisson, Hörgársveit

Ekki koma fram aðrar tillögur og er hún því borin upp og samþykkt samhljóða.

Þingforseti gefur Arnari Þór Stefánssyni, formanni kjörnefndar orðið.
Arnar Þór Stefánsson fer yfir mætingu þingsins og eru 27 kjörnir fulltrúar af 35 mættir og þingið því löglegt.

Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár

Þingforseti óskaði eftir leyfi þingsins til að taka umræðu um skýrslu stjórnar, skýrslu framkvæmdastjóra og ársreikning sameiginlega í lok yfirferða þeirra.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóma.

Þingforseti gefur Láru Halldóru Eiríksdóttur, formanni stjórnar orðið.

Lára Halldóra, formaður SSNE flutti skýrslu stjórnar fyrir liðið starfsár.

Þingforseti gefur Albertínu Friðbjörgu Elíasdóttur orðið.

Albertína Friðbjörg Elíasdóttir, framkvæmdastjóri flutti skýrslu framkvæmdastjóra og kynnti stöðu [samgöngu og innviðastefnu](#).

Þingforseti gefur Níelsi Guðmundssyni, endurskoðanda Enor ehf. orðið.

Níels Guðmundsson, endurskoðandi hjá Enor ehf., kynnti [ársreikning SSNE fyrir árið 2025](#).

Þingforseti opnar fyrir mælendaskrá um skýrslu stjórnar, skýrslu framkvæmdastjóra og ársreikning.

Halla Björk Reynisdóttir tekur til máls og hrósa starfsfólki og stjórn SSNE fyrir góðan rekstur, og jafnframt góða yfirferð yfir verkefnin sem eru að vinnast. Þá er ánægjulegt að sjá hvernig starfsemi SSNE styður við framgang landshlutans.

Þingforseti ber upp ársreikning til staðfestingar fundarins og er hann staðfestur samhljóða.

Þingforseti gefur Rögnvaldi Guðmundssyni, verkefnastjóra fjármála og reksturs SSNE orðið.

Rögnvaldur Guðmundsson, verkefnastjóri fjármála og reksturs SSNE, kynnti endurskoðaða fjárhagsáætlun SSNE fyrir árið 2026 og drög að [fjárhagsáætlun fyrir árið 2026-2030](#).

Þingforseti óskar eftir umsögn fjárhags- og stjórnsýslunefndar um fjárhagsáætlun og gefur Finni Yngva Kristinssyni, formanni nefndarinnar orðið.

Finnur Yngvi tekur til máls og fer yfir umsögn fjárhags- og stjórnsýslunefndar, og er það tillaga nefndarinnar að áætlun verði samþykkt eins og hún er lögð fram.

Þingforseti opnar mælendaskrá um fjárhagsáætlun fyrir árin 2026-2030.

Sigríður Bjarnadóttir tekur til máls og spyr út í ósamræmi í tengslum við laun og launatengd gjöld. Rögnvaldur Guðmundsson fer yfir að ósamræmið skýrist af leiðréttingu stéttarfélags en launatengd gjöld höfðu verið vanreiknuð í þrjú ár og voru gerð upp á árinu 2025.

Þingforseti ber upp endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árin 2026-2030 og er hún samþykkt samhljóða.

Tillögur og ályktanir frá stjórn og þingfulltrúum

Þingforseti gefur Sigurborgu Ósk Haraldsdóttur, verkefnastjóra SSNE orðið.

Sigurborg Ósk Haraldsdóttir kynntir tillögu stjórnar um [Loftslagsstefnu Norðurlands eystra](#).

Þingforseti opnar mælendaskrá um tillögu að loftslagsstefnu Norðurlands eystra.

Sigríður Bjarnadóttir tekur til máls og vekur athygli á athugasemd Eyjarfjarðarsveitar varðandi skógrækt og skjólbeltarækt, og leggur til að bætt verði við sértækri aðgerð í tengslum við skógrækt og skjólbeltarækt. Sigríður leggur fram breytingartillögu þess efnis.

Umræða skapaðist um nauðsyn þess að bæta skógrækt og skjólbeltarækt inn í loftlagsstefnu sveitarfélaganna. Var meðal annars bent á aukið vægi þess í styrkjasókn ef það væri hluti af samþykktri stefnu sveitarfélaganna. Þá kom einnig fram að breytingartillagan myndi ekki skuldbinda sveitafélögin, þar sem hún er valkvæði. Verkefnastjóri SSNE kynnti svæðisáætlun skógræktar og landgræðslu sem unnin var fyrir Reykjanesbæ sem dæmi um hvernig væri hægt að vinna þessi efni inn í stefnuna.

Til máls tóku: Halla Björk Reynisdóttir, Aldey Unnar Traustadóttir, Finnur Yngvi Kristinsson, Sigurborg Ósk Haraldsdóttir og Monika Stefánsdóttir.

Þingforseti lagði til að gert yrði 10 mínútna fundarhlé.

Kaffihlé í 10 mín.

Þingforseti ber breytingartillöguna upp til samþykkis, er hún samþykkt með 25 atkvæðum gegn 4 atkvæðum. Tillagan er því samþykkt.

Þingforseti ber upp tillögu um Loftslagsstefnu Norðurlands eystra í heild sinni og er hún samþykkt samhljóða.

Þingforseti gefur Láru Halldóru Eiríksdóttur, formanni stjórnar orðið til að kynna aðrar [tillögur stjórnar um ályktanir þingsins](#).

Lára Halldóra, formaður SSNE fer yfir ályktun um Samgöngumál.

Opnað er fyrir mælendaskrá um ályktun um samgöngumál.

Finnur Yngvi tekur til máls og leggur til breytingu varðandi helmingamokstursvegi.

Katrín tekur undir varðandi helmingamokstursvegi og lýsir ánægju með samgönguáætlun enda sé hægt að sjá hvað hún hefur skilað okkur miklum árangri.

Breytingartillaga Finns Yngva var borin upp og samþykkt samhljóða.

Formaður fer yfir ályktun um Akureyrarflugvöll.

Formaður opnar fyrir mælendaskrá um ályktun um Akureyrarflugvöll.

Halla Björk Reynisdóttir tók til máls og nefndi ályktun bæjarráðs Akureyrarbæjar frá því í morgun varðandi þjónustuskerðingu á Akureyrarflugvelli. Hún taldi hana þó ekki eiga heima sem hluti af þessari ályktun.

Ályktun um Raforkumál.

Formaður opnar fyrir mælendaskrá um ályktun um Raforkumál.

Enginn tekur til máls um ályktunina.

Ályktun um Sjúkrahúsið á Akureyri.

Formaður opnar fyrir mælendaskrá um ályktun um Sjúkrahúsið á Akureyri.

Enginn tekur til máls um ályktunina.

Ályktun um Háskólann á Akureyri.

Formaður opnar fyrir mælendaskrá um ályktun um Háskólann á Akureyri.

Enginn tekur til máls um ályktunina.

Ályktun um Byggðamat.

Formaður opnar fyrir mælendaskrá um ályktun um Byggðamat.

Enginn tekur til máls um ályktunina.

Ályktun um **Línuívilnun**.

Formaður opnar fyrir mælendaskrá um ályktun um línuívilnun.

Enginn tekur til máls um ályktunina.

Opnað er fyrir umræðu um allar ályktanir þingsins.

Finnur Yngvi óskar eftir því að bókun bæjarráðs Akureyrarbæjar í tengslum við **þjónustuskerðingu á Akureyrarflugvelli** verði tekin upp og að Ársþingi SSNE taki undir þá bókun.

Er tillaga um nýja ályktun borin upp og samþykkt samhljóða.

Þingforseti ber þá upp ályktunarskjalið í heild sinni upp til samþykkis, tillagan er samþykkt samhljóða.

Þingforseti fer yfir tillögu stjórnar um að Enor verði áfram endurskoðandi SSNE.

Opnað er fyrir mælendaskrá, engin tekur til máls.

Tillagan er borin upp og samþykkt samhljóða.

Umræður og atkvæðagreiðsla um önnur málefni sem eru löglega upp borin

Engin önnur mál bárust og féll þessi liður niður.

Ávörp gesta

Þingforseti færir þinginu kveðju frá **Jens Garðari Helgasyni, þriðja þingmanni**

Norðausturkjördæmisins og öðrum þingmönnum kjördæmisins, en þau forfölluðust á þinginu vegna breyttrar tímasetningar á atkvæðagreiðslu á Alþingi.

Þingforseti býður **Jón Björn Hákonarson, formann stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga** velkominn í pontu.

Í ávarpi sínu lagði hann áherslu á mikilvægi samstöðu sveitarfélaga í hagsmunabaráttu gagnvart ríkinu og minnti á að sveitarfélög og ríki séu tvö jafnréttthá stjórnsýslustig sem þjóni sama fólkinu. Hann ítrekaði að sveitarstjórnarstigið eigi að vera virkur og jafnréttthár samstarfsaðili ríkisins í stefnumótun og ákvarðanatöku.

Jón greindi frá helstu hagsmunamálum sveitarfélaga, þar á meðal fjárhagslegu svigrúmi, tekjuskiptingu ríkis og sveitarfélaga, lögbundinni þjónustu og uppbyggingu innviða, og lagði áherslu á að aðeins með einni rödd og samstilltu átaki næðist raunverulegur árangur í þessum málum.

Jón Björn fjallaði jafnframt um stafræna umbreytingu sveitarstjórnarstigsins og vísaði til stafrænnar ráðstefnu Sambandsins þar sem áhersla var lögð á nýsköpun, sameiginlega stafræna innviði og betri þjónustu við íbúa óháð búsetu. Hann undirstrikaði að stafræn þróun snúist ekki einungis um tækni heldur um skilvirkari þjónustu, aukinn sveigjanleika og sterkari sveitarfélög.

Í ávarpinu kom einnig fram að Samband íslenskra sveitarfélaga hefði hafið sérstakt átak í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga til að efla lýðræðislega þátttöku, með áherslu á að hvetja fleiri til framboðs og auka kjörsókn, sérstaklega meðal ungs fólks og innflytjenda.

Að lokum lýsti Jón Björn ánægju með samstarf Sambandsins og landshlutasamtaka, þakkaði fyrir öflugt starf á vettvangi sveitarstjórnarstigsins og lýsti vilja til áframhaldandi samstarfs í þágu sterkra, sjálfbærra sveitarfélaga um allt land.

Þingi slitið

Þingforseti þakkaði fyrir daginn, og óskaði eftir leyfi þingsins til að fela þingritara og þingforseta að ganga frá þinggerð. Þingforseti gefur Láru Halldóru Eiríksdóttur, formanni stjórnar SSNE orðið til að slíta þinginu.

Lára Halldóra þakkar fyrir gott þing og þakkar fyrir samstarfið á kjörtímabilinu, Lára Halldóra slítur þingi SSNE.